

# Mosfellsfréttir

24. árgangur, Desember 2008 [www.mosfellsfrettir.is](http://www.mosfellsfrettir.is)

**JÓLIN ERU  
DÝRMÆTUR TÍMI**  
bls.3

**UNGT FÓLK Í  
STJÓRN MÁLUM**  
bls.6

**„Á SANDI BYGGÐI HEIMSKUR  
MAÐUR HÚS...”** bls.7

**HÁTÍÐ FER Í HÖND**  
bls.8



*Gleðileg jól*

**HUGLEIÐINGAR OG HORFUR Á ÁRINU 2009**

*-Guðrún Hjörleifsdóttir, spámiðill og ráðgjafi - bls. 5*



  
Orkuveita  
Reykjavíkur

Hlýjar og bjartar hátíðarkveðjur

**LEIÐARI:**

Ég velti því fyrir mér í morgun hvort ég ætti að láta leiðarann fjalla um fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar og ræða um krónur, aura, framkvæmdáætlun, rekstrarhallann og lánsþörf?

Eftir stutta umhugsun komst ég að því að það væri væntanlega miklu áhugaverðara fyrir ykkur að heyra um þá miklu fjölgun félagsmanna



og þann uppgang sem á sér stað í Framsóknarfélagi Mosfellsbæjar þessa dagana.

Margt nýtt fólk hefur gengið til liðs við félagið og gamlir liðsmenn eru að koma aftur til starfa.

Félagarnir geta varla orða bundist yfir þessari miklu nýliðun. Kraftur og bjartsýni einkennir þetta nýja fólk. Það kallar eftir breytingum, hefur hugmyndir og vill láta gott af sér leiða. Það gagnrýnir harðlega núverandi fyrirkomulag, spyr krefjandi spurninga og tekur þátt í uppbyggilegri umræðu.

Þær miklu breytingar sem skulu á þjóðfélaginu á haustdögum eiga eflaust mikinn þátt í því að fólk situr ekki lengur heima og bolver í hljóði heldur vill láta að sér kveða með virkri þátttöku.

Á fjölmönnum aðalfundi félagsins í byrjun nóvember s.l. kusum við okkur nýja stjórn. Í stjórn og varastjórn valdist að miklu leyti fólk sem nýlega hefur gengið til liðs við félagið.

Ég er þess fullviss að þetta fólk á eftir að láta að sér kveða, gera breytingar og kalla eftir réttlátara samfélagi opinni og réttlátari stjórnsýslu, gagnsæi og heiðarleika í viðskiptum. Þjóðfélag þar sem samvinna, samkennd og réttlátara þjóðfélag verður sett á oddinn.

Framundan er spennandi starf þar sem haldnir verða fundir um hin ýmsu málefni, þau rædd og nýjar hugmyndir munu fæðast.

Meðal þess sem eflaust verður fundað um á nýju ári eru fjölskyldu- og skólamála, forvarnar- og löggæslumál. Evrópumálin verða einnig án efa fyrirferðarmikil í umræðunni sem og önnur samfélagsmál.

Ég vil hvetja þig lesandi góður til að hafa samband og taka þátt í því að byggja upp nýtt framtíðarsamfélag.

**Jólaakveðjur**

**Marteinn Magnússon**

**VISSIR ÞÚ AÐ...?**

Í kapólskum sið þótti ekki við hæfi að borða kjöt á síðasta degi fyrir jóla. Það lá því beinast við að borða fisk en það varð helst að vera lélegur fiskur.

Talið er að sá siður að borða kæsta skötu á Þorláksmessu sé ættaður af Vesturlandi enda veiddist mikið af skötu á þessum tíma árs á þeim slóðum en siðurinn hefur á síðari árum breiðst út um allt land. Fyrr á tímum þótti skatan alls ekki góður matur og því líklega tilgangur vestfirðinga sá að gera sér muninn á matnum fyrir jóla og um jólin sem mestan.

Vestfirðingar eins og aðrir fluttu margir á Suðvesturhornið á síðustu öld. Þegar leið að jólum söknuðu þeir skötunnar. Margir fengu hana senda að heiman og fljótlega breiddist út siðurinn til fólksins og þá í fiskbúðirnar og að lokum á borð veitingahúsanna. Þar með var skötulyktin orðin einn ljúfasti fyrirboði jólaanna.

Þorláksmessa er ekki eiginlegur hluti jólaanna en er þó órjúfanlega tengd þeim. Þorláksmessa að vetri er 23. desember og er haldin til heiðurs Þorláki Þórhallssyni biskupi í Skálholti en þennan dag árið 1193 dó hann. Þorláksmessa að sumri er 20. júlí.

23. desember klára margir að skreyta heimili sín og jólatréð.

**Mosfellsfréttir**

Blað Framsóknarfélags Mosfellsbæjar 24. árgangur, 1. tbl. desember 2008

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**  
Óðinn Pétur Vígfússon

**Ljósmyndir:** gudni.is / Guðni Þorbjörnsson, og fleiri.

**Forsíðumynd:** Lágafellskirkja séð úr lofti. Myndin er tekin 14. desember 2008 úr flugvélinni TF-ULV.

**Ljósmynd:** Guðni Þorbjörnsson  
**Flugmaður:** Jón Sverrir Jónsson

**Ritnefnd:**  
Ingi Már Aðalsteinsson,  
Magnús Jósefsson  
Pröstur Karlsson

**Umbrot og tölvuvinnsla:**  
gudni.is - Stafræn útlitshönnun  
Mosfellsfréttir, [frettir@mosfellsfrettir.is](mailto:frettir@mosfellsfrettir.is)

**Dreifing:** Íslandspóstur

**Prentun:** Prentmet

**GLEÐILEG JÓL****JC MOKSTUR**  
693 2607

Þú sem nýju myndirnar sást  
sími 566 8043

**ENORMA**  
MÚR- & RAUFVERKTAKAR  
GSM 898 8686 / 892 5107

**AFLTAK EHF.**

Völuteigur 1 • 270 Mosfellsbær

**Varmás**

SÍMI 566 8144 • FAX 566 6241

**SS Gíslason**

ÞAÐ  
SEM  
TIL  
PARF

**VGH**

MOSFELLSBÆ

Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 896 9443 896 2278



• Öll aðrirar reppstærir og þressar!  
• Tröskunir og reppstærir úr járn, ál og stál!  
• Þjónustan og viðgjórfétt útbætur og framfarisskiptir!

**JARÐMÓTUN****HENGILL EHF**

**gudni.is**  
STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN

ÚTLITSHÖNNUN • LJÓSMYNDUN • UMBROT • RAUFSPJÓLD • VEFSÍÐUGERÐ

Háholti 14 • 270 Mosfellsbær  
[www.gudni.is](http://www.gudni.is) • [gudni@gudni.is](mailto:gudni@gudni.is)

# JÓLIN ERU DÝRMÆTUR TÍMI

Eftir Kristbjörgu Þórisdóttur

Senn líður að jólum og upphafi nýs árs. Jólin eru dýrmætur tími þar sem fjölskyldur eiga góða stund saman. Vinir hittast og flestir fá tækifæri til hvíldar og endurnæringar.

Það er gott að leiða hugann að því áður en jólin koma hvernig maður fái sem mest út úr jólahátíðinni. Hvaða fólk hefur fylgt manni og verið manni dýrmætt þetta ár og hvernig vil ég gleðja það og sýna því þakklæti? Hvaða fólk vil ég hitta um jólin og hvernig ætla ég að verja tíma mínum? Hvað er það sem er mér dýrmætast? Vil ég búa til snjóhús með barninu mínu og hafa ómældan tíma til þess? Vil ég fara í göngutúr með fjölskyldunni? Vil ég liggja í dekurbaði tímum saman? Vil ég sitja við kertaljós og lesa góða bók eða spila með félögum? Allt er þetta ákaflega persónubundið og gott að leiða hugann að þessu áður en jólin koma. Annars er hætt við því að jólin séu farin áður en maður veit af og tíminn



Kristbjörg Þórisdóttir

hafi farið í hluti sem skipta manni minna máli. Hver einustu jólin eru einstök. Á hverjum jólum verða til nýjar minningar sem verða geymdar um ókomin ár. Á hverju augnabliki höfum við tækifæri til þess að njóta jólanna og vera góð við hvert annað. Það getur skipt meira máli að sækja teppi til þess að vefja ástvin sinn inn í þegar honum er kalt en gefa honum rándýra gjöf. Falleg hugsun skákar ætíð efnislegum hlut. Það er ekki hægt að kaupa góðsemi, ást og vináttu en hana er hægt að sýna og hana eigum við öll innra með okkur í ómældu magni. Það er orka sem við getum virkjað á hverju einasta augnabliki ef við stýrum huga okkar rétt. Þannig sköpum við okkur einstök jólin og búum til dýrmætar minningar.

**Gleðileg jól og farsælt nýtt ár!**

## BIBLIÚTAL Í BÆJARSTJÓRN

**DV**

fjallaði um

bæjarmálin í Mosfellsbæ. Marteinn Magnússon bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Mosfellsbæ vitnaði í biblíuna á síðasta bæjarstjórnarfundinum. Rætt var um menningarhús í Mosfellsbæ og þá fyrirætlun bæjarins að ráðast í samkeppni um hönnun kirkju og menningarhúss að Háholti. Marteinn telur samkeppnislýsingu sem lögð var fyrir bæjarráð ófullnægjandi og að hún bæri þess merki að menningarhúsið væri aðalatriðið en kirkjan víkjandi. „Þetta er óviðunandi og minni ég á hvað biblían segir um þess háttar samkurl“, sagði Marteinn og benti á Mattheusarguðspjallið þar sem fjallað er um bænahús.

**Guðspjallið var birt í heild sinni í fundargerð bæjarins.**

## Gjöf hestamannsins

### Spennandi jólatilboð í Líflandi



Sonnenreiter reiðúlpa

Jólatilboð 21.500,-

Að auki 10% jólaafsláttur af öllum yfirhöfnum

Ábreiður 20%



Hetta fylgir öllum hjálmum



Blundstone skór 20%



Beisli í úrvali 20%



Montain horse Free Rider 30%

**LÍFLAND**

Lónsbakka Akureyri  
Lynghálsi 3  
www.lifland.is

# HAUSTFAGNAÐUR

## FJÖR Í FRAMSÓKN -



Vel heppnaður haustfagnaður Framsóknarfélags Mosfellsbæjar var haldinn þann 1. nóvember sl. Skemmtiatriði voru að vanda í sérflokk. Veitingahúsið Asía sá um stórglæsilegar veitingar. Heiðursgestur kvöldsins var Bjarni Harðarson fyrrverandi þingmaður og flutti hann stór skemmtilega ræðu er fjallaði að hluta til um æskuminningar hans. Veislustjóri var nýkjörinn formaður félagsins Óðinn Pétur Vigfússon.



## STEFNA MOSFELLSBÆJAR Í MÁLEFNUM SKÓLAMÖTUNEYTA

Á fundi fræðslunefndar þann 28. október sl. var lögð fram stefna Mosfellsbæjar um skólamötuneyti. Í stefnunni kemur fram að lögð verði áhersla á að skólabörn njóti fjölbreyttrar fæðu í hæfilegu magni og að matvælin séu rík af næringarefnum, fersk og í háum gæðaflokki. Tekið er mið af ráðleggingum Lýðheilsustöðvar við útfærslu stefnunnar.

Matseðlar verða gerðir fyrir sex vikur í senn. Matseðlar leik- og grunnskóla hafa sömu uppbyggingu og samsetningu. Starfsfólk mötuneytanna verða ávallt vel upplýst um mikilvægi fjölbreyttrar fæðu, um ferskleika og gæði matvæla.

Síðustu árin hef ég sem fulltrúi Framsóknarflokksins í fræðslunefnd lagt mikla áherslu á samræmda stefnu bæjarins í mötuneytismálum leik- og grunnskólanna. Það er því mikið gleðiefni að bæjarstjórn hafi samþykkt stefnu í mötuneytismálum og er það von okkar Framsóknarmanna að börn, foreldrar, forráðamenn og starfsmenn bæjarins séu ánægð með þessa ákvörðun. Á heimasíðu Mosfellsbæjar [www.mos.is](http://www.mos.is) er hægt að skoða stefnu bæjarins í heild sinni.

**Helga Jóhannesdóttir**  
Fulltrúi Framsóknarflokksins í fræðslunefnd



Helga Jóhannesdóttir

**JÓLAKÖRFURNAR FRÁ MJÓLKU**

Jólakörfurnar frá Mjólkú eru tilvalin gjöf til viðskiptavina og starfsfólk um hátíðarnar. Sölumenn Mjólkú aðstoða þig og taka við pöntunum í síma 414 6500.

## GLEÐILEG JÓL

**BLIKKSMÍÐJAN BORG ehf.**

**KRONAN**  
Gleðileg jól

**BÍLAPARTAR**  
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ  
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NYJIR HLUTIR
- TÍMAREIMAR
- KERTI
- VIÐUREIMAR
- SMURSIUR
- HREINSIEFNI
- BREMSKLOSSAR
- PERUR
- ÖLIUR

GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

**ÍSFLUGLEIÐ**

**KRAFTLAGNIR ehf.**  
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

**NINGIS**  
www.nings.is

*Höfudabílar Jónatans*

Litlir bílar • Stórir bílar • Góðir bílar • Gott verð • Allir bílar með öryggisbelti  
Símar 566 7420 og 892 3102

**VÉLALÉIGA**  
Magnúsar Jóhannssonar  
Spáhöfða 9 • 270 Mosfellsbæ  
Sími: 565 8100 • Gsm: 892 3560

- Leigi úr jörðu og vörubíl
- Ötvega mótir, hultagryt og Zyllingaretni
- Jelna 198r
- Greið grunna og bílastæði
- Læsa laðbrar

**Rafmagnur ehf.**  
Lögjillir Rafverktakar  
Háholli 14 Mosfellsbæ

**Ahlíða rafverktakar**

Haraldur Arnarson  
S. 861-0665

Björgvin Jónsson  
S. 897-2372

# HUGLEIÐING OG HORFUR Á ÁRINU 2009

Eftir Guðrúnu Hjörleifsdóttur spámiðil og ráðgjafa

**Láttu lifið leika við og vindinn blása þér byr. Guðs kraft færa þér vilja svo opnast viskunnar dyr.**

Í dagsins önn og amstri, á árinu 2008, setur okkur hljóða, þegar stormur hefur geisað um landsmenn, með kreppu og of miklum hraða. Allir bogar voru spenntir til hið ítrasta.

Náttúran leitar alltaf jafnvægis, ekkert er stöðugt allt er breytilegt.

Við skulum staldra við og hlusta eftir vindinum, nýta þau tækifæri sem koma og snúa vörn í sókn. Land okkar Ísland hefur margt upp á að bjóða, fallvötn, fiskinn, hugvit o.s.frv. Gleymum ekki að við, þjóðin eigum að vera stolt að uppruna okkar og þeim krafti sem í okkur býr. Beislum hæfileika okkar, leitum jafnvægis í lífsgildum, ræktum hug sál og líkama. Skerpum á manngildi, siðvitund og trausti.

Að lifa lífinu lifandi er að njóta jafnvægis við náttúruna, sjá hið stóra í hinu smáa. Auðæfi okkar felast í fjölskyldunni, lærum þolinmæði og hógværð. Með þessu komumst við langt, því í raun þá ferðumst við á snigils hraða andlega, við höfum allan okkar tíma.

Var ekki sýndarveruleikinn orðinn yfirsterkari öllu öðru? Erum við ánægð með dagsverkið?

Tilgangur lífsins er að auðga andann, deila með meðbræðrum okkar sorg og gleði, rækta þá hæfileika sem okkur eru gefnir. Lótus blóm okkar hefur þúsund blöð, í þeim felast hæfileikar. Öll erum við sérstök, vökvum blómið, komum því til að blómstra

og opna þá krafta. Leysum úr viðjum gamlar erjur, sársauka, reiði og drauma sem ekki hafa ræst. Gerum drauma okkar að veruleika í núinu.

Við erum innblásin guðlegum krafti, nýtum hann með því að vera, njóta gefa og þiggja.

## Horfur á árinu 2009

Horfum bjartsýn fram á veginn. Það birtir að vori og þjóðin verður mun styttri tíma að koma sér í gegnum kreppuna en við höldum í dag. Mjög óvænt atburðarrás á sér stað í mars, efnahagslega til góðs fyrir þjóðina.

Átakatímabil verða hinsvegar í maí og september.

Veiðiheimildir verða auknar á árinu og ný atvinnutækifæri skapast á sviði hátækni.

Það léttir yfir byggingariðnaði með vorinu.

Við munum gera þrjá stóra samninga við erlenda aðila með nýja framleiðslu, á sviði

iðnaðar, ferðamála og landbúnaðar.

Smábátaútgerð eflist sem og gróðurhúsaræktun. Peningamarkaðurinn styrkist og ný kauphöll mun líta dagsins ljós innan tveggja ára.

Miklar sviptingar verða í stjórnárum á árinu. Þjóðin mun leita jafnvægis og koma sterk út sem nýtt Ísland, byggt á gömlum gildum, með reynsluna að leiðarljósi. Stöldróm ekki of lengi við liðna tíð, því hún er reynsla sem orðin er að þroska.

**Njótið árs og friðar, heilladísir vaka yfir þjóðinni.**



Mynd: Björg Vigfúsdóttir

## FRAMHALDSSKÓLI, GRUNNSKÓLI EÐA MINJASAFN ?

Stefnt er að því að nýr framhaldsskóli taki til starfa í Mosfellsbæ haustið 2009, skóli er kennir sig við auðlindir og umhverfi í víðum skilningi, bæði í náttúru sem og umhverfi mannsins og sjálfbærri menningu.

Á 910. fundi bæjarráðs var ákveðið að kennsla við skólann fari fram í Brúarlandi fyrstu tvö árin eða fram til ársins 2011. Brúarland er gamalt hús og munu endurbætur á húsnæðinu kosta um 80 milljónir. Það er skoðun mín að illa sé farið með almannafé að eyða fjármagni sem þessu í endurbætur á Brúarlandi. Verða endurbæturnar þannig að mögulegt sé að nota húsnæðið árið 2011 sem leikskóla, grunnskóla, skóla-sel eða minjasafn? Hvergi hefur komið fram í gögnum bæjarins hver framtíðaráform bæjarins eru varðandi húsið og finnst mér ekki rétt að fara í framkvæmdir sem þessa með þessum hætti. Hefði ekki verið skynsamlegra að bíða með framhaldsskólann þar til varanlegt húsnæði hefði verið tilbúið?

Er Brúarland ákjósanlegasti staðurinn í bænum fyrir bráðabirgðaskólahúsnæði?

**Helga Jóhannesdóttir**

Fulltrúi Framsóknarflokksins í fræðslunefnd

## DÝRSTA FERMETRAVERÐ Í MOSFELLSBÆ

Ég vil þakka framsóknarmönnum í Mosfellsbæ fyrir að benda okkur kjósendum á kostnaðinn við fuglaskoðunarhúsið sem byggt var í Leiruvoginum. Eftir að ég las greinina sem birtist í Mosfellingi fór ég að reikna út fermetraverðið á húsinu.

Ég gekk að húsinu í síðustu viku og sá hversu lítið það var. Ég velti því fyrir mér hvað fermetrinn hefur kostað. Hann hefur kostað mikið meira en 230 þúsund krónur sem ég fengi fyrir fermetrann ef ég seldi einbýlishúsið mitt í Töngunum. Mér finnst þau vinnubrögð sem lýst er í greininni vera til skammar og er yfir mig hneykslaður að enginn biðjist afsökunar.

**Lesandi í Töngunum**



## GLEDILEG JÓL



**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**

BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ



REYKJALUNDUR  
endurbæfing



HORNBJARGSVITI

ÓVISSUFERÐIR EHF

VÉLSMÍÐJAN ORRI



STEYPUSTÖÐIN MEST

# UNGT FÓLK Í STJÓRN MÁLUM

## Ungt fólk er best til þess fallið að berjast fyrir hagsmunum ungs fólks

Á sambandsþingi Sambands ungra framsóknarmanna sem fram fór á Hótel Heklu á Skeiðum í júní sl. var kjörin ný forysta. Bryndís Gunnlaugsdóttir var kjörin formaður og Eggert Sólberg Jónsson var kosinn varaformaður. Blaðamaður Mosfellsfréttanna hitti Bryndísi og Eggert á aðventunni þar sem þau voru á hlaupum milli funda. Það er ánægjuefni fyrir Mosfellinga að bæði tengjast þau Mosfellsbæ. Bryndís á ættir að rekja úr Helgadal og Eggert býr í Mosfellsbæ. Eggert situr m.a. í Íþrótt- og tómstundanevnd og atvinnu- og ferðamálanefnd fyrir hönd framsóknarmanna.

## Hvers vegna á ungt fólk að taka þátt í stjórn málum?

**BG:** Því að ungt fólk er best til þess fallið að berjast fyrir hagsmunum sínum.

**ESJ:** Ungt fólk í dag hefur gott tækifæri til þess að skapa hér samfélag sem byggir á þeirra hugmyndum. Ungt fólk á að grípa þetta tækifæri og taka þátt í starfi stjórn málaflokkanna. Þangað eru allir velkomnir.

## Af hverju á ungt fólk að velja Framsóknarflokkinn?

**BG:** Þingflokkur Framsóknarflokksins er sá langyngsti á Alþingi. Innan flokksins hefur ungt fólk verið stutt og hvatt til þess að sækjast eftir áhrifastöðum. Einnig hefur Framsókn barist af miklum krafti fyrir málefnum er snerta ungt fólk. Má þar meðal annars nefna málefni LÍN og Íbúðalánasjóðs. Í Framsóknarflokknum er hlustað á raddir unga fólksins.

**ESJ:** Við í SUF leggjum líka mikla áherslu á að það sé gaman að starfa

í stjórn málum. Stjórn máli snúast ekki bara um að sitja á fundum og hlusta á ræður. Þau snúast líka um að kynnast nýju fólki og hafa gaman.



Bryndís Gunnlaugsdóttir og Eggert Sólberg Jónsson

## Hvernig getur ungt fólk í Mosfellsbæ haft áhrif?

**ESJ:** Í Mosfellsbæ erum við með starfandi bæjarmálahóp sem hittist tvisvar sinnum í mánuði þar sem rætt er sérstaklega um mál sem tengjast bænum okkar. Til þess að komast að því hvenær hópurinn fundar er best að fylgjast með á heimasíðu félagsins [www.mosfellsfrettir.is](http://www.mosfellsfrettir.is). Það er líka um að gera að fylgjast með [www.framsokn.is](http://www.framsokn.is) og [www.suf.is](http://www.suf.is) þar sem hægt er að skrá sig í málefnaþópa og fylgjast með starfinu.

**BG:** Besta leiðin til að hafa áhrif er að taka virkan þátt í starfi stjórn málaflokka. Sumir vilja hafa áhrif á landsmálin en aðrir á bæjarmálin. Það er því um að gera að mæta í party, á skemmtanir eða fundi og taka þátt í starfinu. Ég skora á ungt fólk að sýna að það hafi áhuga og vilji hafa áhrif.

## Hvaða verkefni eru framundan hjá SUF?

**ESJ:** Framundan bíður það vandasama verkefni að leiða íslenskt þjóðfélag út úr þeim ógöngum sem það er komið í. Við horfum fram á veginn þar sem verkefnið bíða okkar og ætlum að takast á við þau án þess að beita gömlum kreddusetningum bókstafstrúarmanna til hægri eða vinstri. Við ætlum að leita lausna með samvinnu og jöfnuð að leiðarljósi.

**BG:** Það er endalaust eitthvað spennandi í gangi hjá SUF. Þessa dagana er unnið hörðum höndum að undirbúningi flokksþings sem verður 16.-18.janúar og er öllum framsóknarmönnum velkomið að taka þátt í því. Síðan er tilvalið að kíkja reglulega inn á heimasíðuna okkar [www.suf.is](http://www.suf.is) þar sem fjallað er um viðburði á vegum ungra framsóknarmanna.

Að því sögðu kvaddi blaðamaður þau Bryndísi og Eggert.

## ÍBÚÐ TIL LEIGU

Frá áramótum er til leigu 2ja herbergja íbúð í Klapparhlíð.

**Nánari upplýsingar:**

**Sverrir í síma 863-2393**

## VIÐ HÖFÐUM RÉTT FYRIR OKKUR.....

Við byggingu íþróttamiðstöðvar við Lágafellsskóla bentu fulltrúar Framsóknarflokksins, fulltrúar kennara og fleiri ítrekað á að íþróttasalur stöðvarinnar væri of lítill enda væri við kennslu grunnskólabarna í íþróttum gerð krafa um stærri sal. Ekki var hlustað á þessar ábendingar. Ritstjórn blaðsins hefur að því fregnir að verið sé að aka börnum í efstu bekkjum skólans í leikfimi í Varmárskóla. Íþróttasalurinn í íþróttarmiðstöðinni við Lágafellsskóla er ekki talinn henta íþróttakennslu barna í efstu bekkjum skólans.

Hefði ekki verið skynsamlegt að hlusta á ábendingar fagfólks við byggingu íþróttasalarins og hafa hann örlítið stærri?

**Ritstjórn Mosfellsfréttanna**

WWW.ITDB.IS

Mosfellsbær sendir bæjarbúum bestu kveðjur um gleðileg jól og heillaríki komandi ár og þakkar ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

# FÁDÆMA LÉLEG VINNUBRÖGÐ

„Á SANDI BYGGÐI HEIMSKUR MAÐUR HÚS...”

Á fundi bæjarstjórnar þann 19. nóvember s.l. var tekin til afgreiðslu fundargerð bæjarráðs um samkeppnislýsingu fyrir kirkju og menningarhús í Mosfellsbæ. Þar lagði ég fram tillögu um að fresta afgreiðslu málsins sem var felld. Ég taldi ástæðu til þess að fresta afgreiðslunni þar sem mér þóttu vinnubrögðin í tengslum við málið vera ófullnægjandi og því málið ekki tilbúið til afgreiðslu bæjarstjórnar. Það var ýmislegt sem vantaði upp á að málið væri tækt til afgreiðslu bæjarstjórnar:

1. Samkeppnislýsing sú er fyrir fundinum lá var meingölluð og allsendis ófullnægjandi enda bar hún merki þess að menningarhúsið væri aðalatriðið en kirkjan víkjandi.
2. Ekki lá fyrir fundinum hvort bæjarfélagið gæti í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu fjármagnað fyrirhugaðar framkvæmdir.
3. Ekki lá fyrir fundinum að kirkjan gæti í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu fjármagnað sinn hluta framkvæmdanna.
4. Ekki var ljóst hvort rýmisþörf í samkeppnislýsingu væri í samræmi við áður áætlaða þörf.
5. Ekki liggur fyrir hvort bæjarfélagið hafi yfirráðarétt á lóð þeirri



Marteinn Magnússon

sem fyrirhugað er að kirkjan og menningarhúsið verði reist á.

6. Núverandi þinglýstur lóðaleiguhafi umræddra lóða að Háholti 16,18 og 22 er Kaupfélag Kjalarnesþings.
7. Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir kirkju á þessum stað þó nýtt miðbæjarskipulag sé í undirbúningi sem gerir ráð fyrir kirkju og menningahúsi á lóðunum.
8. Bæjarbúar hafa ekki fengið að segja álit sitt á því hvort þeir séu samþykkir þessu skipulagi né hvort þeir séu sáttir við kirkju á þessum stað.

Þrátt fyrir þessi rök ákvað meirihluti bæjarstjórnar að halda málinu áfram og lögð fulltrúar D og V lista fram bókun þess eðlis að bygging kirkju og menningarhúss hafi verið lengi í undirbúningi og vel væri vandað til þeirrar vinnu. Dæmi nú hver fyrir sig hversu vönduð vinnan var.

Til útskýringa þá ákvað bæjarstjórn á fundi sínum þann 10. september sl. gegn atkvæði undirritaðs að leysa til sín lóðirnar að Háholti 16,18 og 22.

Líklegt má telja að umræddur leiguhafi lóðanna muni verja sig fyrir dómstólum vegna yfiringangs bæjarstjórnar í þessu máli en hjá Mosfellsbæ lá fyrir erindi Kaupfélagsins um uppbyggingu á lóðunum þegar fyrrgreind ákvörðun var tekin. Hún hafði í raun legið þar um nokkurn tíma án þess að hljóta eðlilega afgreiðslu. Það er því mat mitt að mál þetta sé allt afar illa unnið.

Það er afar mikilvægt og í raun löngu tímabært að við Mosfellingar eignumst kirkju sem rúmar þær athafnir sem söfnuður í þeirri stærð sem við erum þarf. Einnig er mjög mikilvægt að sátt ríki um staðarval og framkvæmdina alla. Því verðum við að vanda vel til verka.

**Marteinn Magnússon**  
**Bæjarfulltrúi**  
**Framsóknarflokksins**

**Vatnsvirkni**

Vistvæn ræktun – betra bragð

**Lambhagi** Sími 587 1441

**GRILL-NESTI**  
MOSFELLSBÆ

**Níels Hauksson**  
Vörubifreiðastjóri

**PROLINE**  
Nýjar lagnir, ekkert niðurbrot

**GLEÐILEG JÓL**

**GLERTÆKNI ehf**  
VÖLUTEIGUR 21 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 566-8888 • FAX 566-8889

Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar  
Skeljatanga 20 - sími 566 8520  
Sonja Riedman löggiltur sjúkraþjálfari

**Guðjón Valgeirsson**

Tannlæknir

**Rafvellir**

Jónas Björnsson löggildur rafverktaki

**REYKJABÚID**  
REYKJUM • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 566 6800

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR

**CELETTE**  
Félagsmætti, græðninga- og mælingar sem vífar á þér á lóð.

Á samráðsgættum rennur stór að töl eða leitandi útliti og nýja tölur uppi þess. Nýir félagsmætti.

Flugumýri 20  
270 Mosfellsbæ  
Sími: 566 8200, 566 8201  
Fax: 566 8202  
Nýjung, ábyrgð og trúnað.

**BLAMÁLUN**  
RETTINGAR

BLAMÁLUN • RETTINGAR • BLAMÁLUN • RETTINGAR

**Hestalist**  
-spónaval-

**MOSI**  
VERKTAKAR

• Almennveitur • Erfiðlykkjur  
• Feringarveitur • Ráðstafur  
• Salkarveitur • Fundir  
• Jólhláðabrot • Áttarmót  
• Þorshátid • Þinnsmat  
• Áskúttur • Hlaðbrot  
• Brúðkaupsveitur • Smáveitir

**Hlégarður**  
VEISLUGARÐUR  
Hafnarvegur 2, 270 Mosfellsbæ  
Sími 566 8195, Fax 566 6001

**Malbik og völtun ehf**  
Hrísrima 33 112 Reykjavík  
GSM: 8923524  
Netfang: malbikogvoltun@simnet.is

Tjónnaðan  
Restingar  
Bláafrættur  
Smáveitir  
CABAS (þjónustubrot)  
Flugumýri 16 b - S. 566 7778

**BLAMÁLUN**  
**ÖRNINN**

# HÁTÍÐ FER Í HÖND



Ekki eru allir þess fullvissir að jólin beri með sér mikla hátíð.

Margir eiga um sárt að binda.

Íslenskt þjóðfélag, fjölskyldur og einstaklingar eru í uppnámi. Allir sem búa á þessu dásamlega landi

vita að margt sem við höldum að væri gott og traust, er horfið. Ísland hefur orðið fyrir áfalli. Víða um veröld er farið ófögurum orðum um okkar þjóð. Við sjáum og heyrum að margt hefði mátt gera betur og að stjórnvöld hafi sifið á verðinum við að gæta hagsmuna okkar. Fólk er vonsvikið, reitt, biturt og útlitið er svart fyrir marga. Við megum ekki gefast upp. Vonin er alltaf til staðar ef við leyfum okkur að vera bjartsýn og höldum ró okkar. Þess vegna er dásamlegt að hugsa til jólanna, að hugsa jákvætt og ekki hugsa í reiði.

Boðskapur jólanna er boðskapur friðar og vonar fyrir fjölskyldur og einstaklinga. Þess vegna er mikilvægt að halda í þá gleði og birtu

sem tengist jólonum.

Flestum er ljóst að jólin eru hátíð sem á rætur sínar í heiðni en koma til með að skipa stærri sess sem kristinhátíð. Jólin hefjast á aðfangadagskvöld 24. desember. Þau



Óðinn Pétur Vigfússon

eiga sér á norðurslóðum ævafora sögu tengda vetrarsólvörfum. Nafnið er norrænt, og er einnig til í forneskju. Frummerking þess er óljós. Íslendingar hafa á liðnum öldum háð harða baráttu fyrir tilvist sinni. Við höfum sem þjóð upplifað margar hremmingar sem oftast hafa þjappað þjóðinni saman og af æðruleysi unnið sigur hverju sinni.

Kristni á Íslandi markaði tímamót í sögu okkar þjóðar þar sem nýir siðir og venjur urðu hluti af okkar þjóðlífi. Kristni hefur í kjarna sínum gefið okkur von um að gera betur og lífið heldur áfram þrátt fyrir áföll.

Jólin eru einmitt tími vonarinnar þar sem við syngjum um sveinbarnið sem vafið var reifum og lagt í jötu.

Jólin færa okkur boðskap. Sá boðskapur er ekki efnishyggja eða stórar gjafir heldur boðskapur lífs

og friðar. Með jólonum hefur maðurinn eignast nýtt tækifæri.

Sumir þekkja sögu Séra Mohrer en hann var prestur í Austurríki og samdi það ljóð er síðan varð að einum fallegasta sálmi allra tíma. En tónlistarkennari að nafni Franz Grüber samdi lagið. Vandamál Séra Mohr var að orgelið í kirkjunni var bilað en hann langaði að gefa söfnuði sínum eitthvað fallegt sem endurspeglaði boðskap jólanna. Franz dó ekki ráðalaus, hann samdi lagið og flutti á gítar fyrir söfnuðinn. Sálmurinn náði strax hylli allra og varð vinsæll í flestum löndum heims. Sálminn þekkjum við sem:

*“ Heims um ból helg eru jól,  
signuð mæð son Guðs ól,  
frelsun mannanna, frelsisins lind,  
frumglæði ljóssins en gjörvöll mannkind,  
meinvill í myrkrunum lá”*

Þetta er hátíðarboðskapurinn.

## Gleðileg jól

**Óðinn Pétur Vigfússon**  
**Formaður Framsóknarfélags**  
**Mosfellsbæjar**

## LEIRVOGSTUNGA

sérbyli í sveit

Börn og fullorðnir í Leirvogstungu standa í stórræðum um þessar mundir og berjast áfram þrátt fyrir erfiða tíma. Margir eru búnir að koma sér vel fyrir í húsum sínum, aðrir leggja nótt við dag til að geta flutt inn fyrir jól.

Við sendum íbúum Leirvogstungu, Mosfellingum og landsmönnum öllum okkar bestu jólakveðjur og þökkum fyrir samferðina á árinu.

Bjarni Sv. Guðmundsson og Katrín Sif Ragnarsdóttir.

Hreiðrað um sig á nýjum stað

WWW.LEIRVOGSTUNGA.IS